

Reykjavíkurborg

# PERLUFESTIN Í ÖSKJUHLÍÐ

**UPPLIFUNAR-, FRÆÐSLU- OG HEILSUBÓTARSTÍGUR**

**KYNNING Á FUNDI UMHVERFIS- OG HEILBRIGÐISRÁÐI REYKJAVÍKUR**

**15. DESEMBER 2021**

LANDSLAG




# Öskjuhlíð
# Verðlaunatillaga Landslags

Hugmyndin um Perlufestina kom fram í vinningstillögu Landslags í hugmyndasamkeppni um skipulag Öskjuhlíðar árið 2013.

Megininntak tillögunnar var:

- Bætt aðgengi að Öskjuhlíð og Perlunni með tengingum við ytra umhverfi
- Tengja allar hliðar Öskuhlíðar saman með upplifunarhring ofarlega í Öskuhlíð og auka þannig útivistarmöguleika allra vaxandi í skógi





Hæðarlega Öskjuhlíðar og geislar útfrá miðju Perlunnar

LANDSLAG




Öskjuhlíð er eins konar „andrými“ sem snýr í allar áttir
Býður upp á tengingar út í umhverfið
en kalllar líka á sameiningu svæða





# Útsýnis- og áningarstaðir á „perlufestinni“ láréttum upplifunarstíg í kringum háhæðina






Öskjuhlíð 1954




Öskjuhlíð 1995



Öskjuhlíð 2021


Valsvöllur
Slökkvistöðin
Flugvallarvegur
Bústaðavegur
19
E
Dælustöð
1
F
8
skotgröf
skotbyrgi
23
16
17
Perlan
D
Minni Öskjuhlí
9
23
4
Háuklettar
„Áningarstaður"
10
2
"Goshverinn"
Strókur
3
Beneventum
Ástulundur
7
Bústaðavegur
Leynimýri
5
Hlíðarfótur
Sólland
Sólland
Leikskóli
Suðurhlíð
Heyrnleysingjaskólinn
Skotbraut
Undirhlíðar
Dufnahús
Vesturhlíð
Fossvogskapella
15
Fossvogskirkjugarður
Háskólinn í Reykjavík
B
C
Nauthóll
6
Nauthóll
Lyngberg
24
12
Siglingaklúbbur
21
20
Ylströndin Nauthólsvík
Þrísteinar
Læknisgarður
A
Áningarstaður
13
Hrafnabjörg
22
14




Breyting á deiliskipulagi í apríl 2017. Mkv. 1:2000.

- Mörk lóða
- Deiliskipulagsmörk
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Byggingarreitur
- Sniðlína
- Núverandi trjágróður
- Hverfisvernd náttúru- og söguminja
- Núverandi stofnanir, félagsstarfsemi o.fl.
- Kvöð um aðkomu til viðhalds
- Áætlaður nýr vatnstankur
- Áætluð viðbygging, sýnileg
- Áætluð viðbygging, neðanjarðar
- Aðrar byggingar
- Stofn- og tengistígar
- Perlufesti
- Aðrir stígar
- Vegir
- P Bílastæði
- U Upplýsingaskilti
- Æ Æfingastöð
- Áningarstaður
- Almennar söguminjar
- Stríðsminjar

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í
umhverfis- og skipulagsráði



Þrátt fyrir nálægð við miðborgina þá hefur örugg og aðgengileg tenging frá upp í Öskjuhlíð ekki verið til staðar fyrir gangandi og hjólandi.

Bætt var úr því með nýjum stíg frá gatnamótum Bústaðavegar / Flugvallarvegar og er framkvæmd hans á lokastigi.
Stígurinn er malbikaður, snjóbræddur og upplýstur og í aflíðandi halla. Framkvæmdir við stíginn hófust sumarið 2020 og eru nú á lokastigi
Stígurinn bætir til muna aðgengi að Öskjuhlíð, Perlunni og Perlufestinni, sem er hugsaður sem tæplega 1,5 km langur upplifunarstígur




B - 01.12.2020 - Tæknibúnaður
A - 08.10.2020 - Lega göngustíga

ÖSKJUHLÍÐ PERLUFESTI
STÍGUR Í NORÐ-VESTUR HLÍÐ
YFIRLITSMYND

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:1000 | TEIKN NR: | U-101-B |
| DAGS: | ÁGÚST 2020 | HANNAÐ: | bH |
| FLOKKUR: | 0000-reyk-O | TEIKNAÐ: | SeI/SHP |
| SKRÁ: | 20050-gm.dwg | VERKNR: | 20050 |

LANDSLAG



PERLUFESTIN Í ÖSKJUHLÍÐ


Borgarvefsjá
60 m
SAMSÝN



Perlufestin er hugsuð sem lárétt upplifunar-, fræðslu- og heilsubótarhringleið ofarlega í Öskjuhlíð auðþekkt frá öðrum stígum Öskjuhlíðar. Stíginn köllum við Perlufestina, þ.e. stígurinn er þráðurinn sem bindur saman allar perlurnar á leiðinni, hvort heldur eru stríðsminjar, fróðleikur um gróðurfar, jarðfræði, fjallahringinn, sögu grjótnáms, sögu hitaveitu eða almennra áningarstaða og listrænna innsetninga.
Lagt er upp með að stígurinn verði hannaður og framkvæmdur af miklum metnaði með það markmið að hann verði aðdráttarafl í sjálfu sér.
Áhersla er lögð á fræðslu, lýðheilsu og sjálfbærni.



Snjóbrædd hringleið í suðvesturhluta















## Tillaga að konsepti:

Láréttur stígur hringinn í kringum Perluna ofarlega í Öskjuhlíð
Unnin úr efni staðarins: grágrýtishellum, greni og möl
Afturkræf og endurnýtanleg efni
Jarðvinna lágmörkuð



Útfærsla og efnisval:

Fyrstu hugmyndir um stíginn voru að hann yrði allur snjóbræddur til að skilgreina hann aðgengilegan öllum allan ársins hring. Snjóbræðsla kallar á fast yfirborð (náttúrusteinn, hellur, steypa, malbik). Við frekari mótun tillögunnar og eftir samtal við náttúruhlaupara og -hjólara sem nota stíga í Öskjuhlíð var ákveðið að skilgreina snjóbræddu og hörðu leiðina þrengra þannig að hún næði einungis til suðvesturhluta hringsins eða u.þ.b. 500 metra. Hinir 1000 metrarnir yrðu með náttúrulegra yfirbragði, en þó þannig að þeir yrðu auðþekktir frá öðrum stígum. Margar útfærslur koma til greina og hægt er að framkvæma verkið í nokkrum skrefum.

Hugmynd sú sem sett er fram í fyrirliggjandi frumdrögum er eftirfarandi:
Efnisval verði í fyrstu umferð hugsað þrískipt:
Malarstígar (brún lína): Þar sem Perlufestin liggur um núverandi malarstíga í góðu ástandi verða þeir látnir halda sér með minniháttar lagfæringum, svo sem breikkun, lýsingu og merkingum.
Sagað grágrýti (grá lína): Grjót úr stígstæðinu verði safnað saman og sagað niður í steinsmiðju í óreglulegar grágrýtishellur. Tenging við sögu um grjótnám og snjóbræðsla á þessum hluta stígsins er með skírskotun í hitasveitusögu svæðisins.
Timburstígur (gul lína): Bolviður úr grisjun hárra grenitrjáa í Öskjuhlíð eða öðrum skógum í útmörk Reykjavíkur verði nýttur til að byggja timburstíg um skógarbotninn í norðurhluta Öskjuhlíðar sunnan Bústaðavegar. Skógræktarfélag Reykjavíkur er t.d. með tækjabúnað til að efna bolvið niður í borðvið.

Dæmi um sagað grágrýti
með mismuandi þéttleika











Dæmi um timburstíga í skógarbotni









Dæmi um timburstíg
á Þingvöllum




Perlufestin – frumdrög til umræðu og kynningar


3
ÚTSÝNI
DVALARSVÆÐI
4
2
ÚTSÝNI/
DVALARSVÆÐI
TANKUR
SK.DSK.
TENGING
HLÍÐAR
DVALARSVÆÐI-
TENGING VIÐ
STRÍÐSMINJAR
TENGING VIÐ HLÍÐARENDA
DVALARSVÆÐI
LEIK- OG
DVALARSVÆÐI
DVALARSVÆÐI
6
1
TENGING VIÐ
ÚTSÝNISPALL
TENGING VIÐ
ÚTSÝNISPALL/SÓLLAND
DVALARSVÆÐI
VIÐ STRÓK




UPPLIFUNARSTÍGUR MEÐ GRJÓTHELLU-YFIRBORÐI VESTAN VIÐ PERLU 1:200



ÚTLITSTEIKNING AF UPPLIFUNARSTÍG ÚR GRJÓTHELLUM



ÚTLITSTEIKNING AF UPPLIFUNARSTÍG OG LEIKSVÆÐI

ÖSKJUHLÍÐ PERLUFESTI

ÁFANGI 2. PERLUFESTI

UPPLIFUNARSTÍGUR - GRÁGRÝTI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:200 | TEIKN NR: | |
| DAGS: | NÓV.2021 | HANNAÐ: | ÞH/SÞ |
| FLOKKUR: | 0000-reyk-D | TEIKNAÐ: | SÞ |
| SKRÁ: | 20050-gm.dwg | VERKNR: | 20050 |

LANDSLAG






ÚTLITSTEIKING AF TIMBURSTÍG

TIMBURSTÍGUR Í NORÐAN VIÐ PERLU 1:200

ÖSKJUHLÍÐ PERLUFESTI

ÁFANGI 2. PERLUFESTI

TIMBURSTÍGUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:200 | TEIKN NR: | |
| DAGS: | NÓV.2021 | HANNAÐ: | ÞH |
| FLOKKUR: | 0000-reyk-D | TEIKNAÐ: | SÞ/SHP |
| SKRÁ: | 20050-gm.dwg | VERKNR: | 20050 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK\D\21011-PERLUFESTIN 2021\TEIKN\DWG\21011-GM-PERLUFESTI.DWG




SKÓGARSTÍGUR NORÐ-VESTAN VIÐ PERLU 1:500



ÚTLITSTEIKNING AF SKÓGARSTÍG




SKÓGARSTÍGUR AUSTAN VIÐ PERLU 1:500

ÖSKJUHLÍÐ PERLUFESTI

ÁFANGI 2. PERLUFESTI

SKÓGARSTÍGUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:200 | TEIKN NR: | |
| DAGS: | NÓV.2021 | HANNAÐ: | ÞH/SÞ |
| FLOKKUR: | 0000-reyk-D | TEIKNAÐ: | SÞ |
| SKRÁ: | 20050-gm.dwg | VERKNR: | 20050 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK\D\21011-PERLUFESTIN 2021\TEIKN\DWG\21011-GM-PERLUFESTI.DWG



Perlufestin er hugsuð sem hringleið í efri hluta Öskjuhlíðar aðgengileg öllum
Á hringnum er áningarstaðir og áfangastaðir
með mismunandi upplifanir, fróðleik og aðstöðu.
Perlufestin er stígur sem er auðrataður og sker sig frá öðrum stígum í yfirborðsefnum, lýsingu, bekkjum og búnaði







Öskjuhlíð er einstakt útivistarsvæði í nágrenni Miðborgarinnar með fjölbreyttri náttúru og áhugaverðum söguminjum.

Þar sem útivistarstígar mæta minjum þarf að kanna möguleikann og viljan að **lýsa upp minjarnar** með þar til gerðum kösturum.

Öskjuhlíðin er einstakt útivistarsvæði með bland af útivistar- og samgöngustígum.

**Lýsing má ekki spilla Öskjuhlíðinni** sem útivistarsvæði án þess þó að fólk upplifi sig óöruggt.








Öskjuhlíðin er áhugavert útivistarsvæði með fjölbreytilegu náttúrufari og einni þéttustu skógrækt í Reykjavík og margbreytilegt gróðurlendi. Öskjuhlíðin er afar vinsælt útivistarsvæði og fuglalíf auðugt.

Hafa þarf í huga **áhrif ljóss á varp** og að fjölbreytilegt fuglalíf haldist á svæðinu.

Öskjuhlíðin er 61 metra há, stórgrýtt hæð sem skagar yfir sitt nánasta umhverfi og er mjög áberandi víða á Höfuðborgarsvæðinu. Hæstu barrtrén eru yfir 15 metrar en á sumum stöðum er gróður mjög strjáll.

Því þarf að huga vel að **ólíkum lausnum í lampavali, hæð og staðsetningum ljósastaura m.t.t ljósmengunar og að ljósastaurar samsvari sér með umhverfi.**

**Tillaga að lýsingarhönnun:**
Öskjuhlíðin er einstakt svæði með bland af ólíkum svæðum. Til að halda samfelldri hönnun í gegnum svæðið er tillagan að nota tré ljósataura sem falla vel að umhverfinu og veita samfellu í útliti staura á svæðinu. Við þetta skapast ein heild í lýsingarhönnun með útliti staura sem skapar ákveðinn karakter en möguleiki skapast á að leysa hvert svæði fyrir sig með þeim lampabúnaði sem hentar og kröfur segja til um.

ljósark
lýsingarhönnun

